

## REGLUGERÐ

### um nám og störf sjúkraliða.

#### I. KAFLI

##### Markmið og stjórn sjúkraliðaskóla.

###### 1. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari og með leyfi ráðherra er deildaskiptum sjúkrahús-um heimilt að starfrækja sjúkraliðaskóla.

###### 2. gr.

Hlutverk skólans er að kenna fólki einföld hjúkrunarstörf, er það síðan vinnur undir stjórn hjúkrunarkvenna.

###### 3. gr.

Forstöðukona sjúkrahússins er skólastjóri skólans og ber ábyrgð á honum gagnvart heilbrigðisráðuneytinu.

#### II. KAFLI

##### Inntökuskilyrði.

###### 4. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið lokaprófi skyldunámsins.
3. Umsækjandi skal vera heilsugóður andlega og líkamlega.

###### 5. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda forstöðukonu.

Umsókn skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskirteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli (vinnuveitanda eða skólastjóra).

#### III. KAFLI

##### Námstími og námsefni.

###### 6. gr.

Námstími skólans skal vera 1 ár, þar með talið sumarleyfi.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Í byrjun hvers skólaárs skal vera 5 vikna bóklegt námskeið með 130—140 kennslustundum. Námsfni sem þá er eftir, skal dreifa á 7—8 mánuði.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

## Almenn hjúkrunarfræði:

Bókleg kennsla og sýnikennsla .....	28	stundir
Verklegar hjúkrunaræfingar .....	42	—
Líffæra- og lífeðlisfræði .....	26	—
Heilsufræði og heilsuvernd .....	30	—
Frumatriði í skyndihjálpi .....	8	—
Hjúkrun gamalmenna .....	8	—
Siðfræði .....	10	—
Sjúkdómafræði .....	12	—
Sálarfræði .....	12	—
Næringarefnafræði, sérfræði .....	8	—
Starfsstillingar .....	4	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferðalög o. fl. ....	20	—

---

Alls 208 stundir

## 7. gr.

Próf skulu vera í þremur námsgreinum: Hjúkrunarfræði, líffæra- og lífeðlisfræði og heilsufræði og heilsuvernd.

Skrifleg próf skulu vera í líffæra- og lífeðlisfræði og heilsufræði og heilsuvernd, er kennslu í þeim námsgreinum er lokið.

Skrifleg og verkleg próf í hjúkrun skulu fara fram í lok skólaársins.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10.

Til að standast próf þarf einkunnina 5 í öllum greinum.

## 8. gr.

Heilbrigðisráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur forstöðukonu um prófdómara.

## 9. gr.

Nemendur eru í verknámi á hinum ýmsu deildum sjúkrahússins. Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn einkunn, er deildarhjúkrunarkona gefur.

## 10. gr.

Nemendur skulu fá greidd laun, sem svarar til 60% af byrjunarlaunum sjúkraliða.

Veikindaleyfi skal vera 2 vikur og sumarleyfi í samræmi við lög um orlof.

## 11. gr.

Nemandi, sem stentz próf, hlýtur prófskírteini og starfsheitið sjúkraliði með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

Sjúkraliði hefur rétt til að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við ákvæði námskrár um námsefni, en ekki önnur störf. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

Ráðherra getur og veitt sjúkraliðum með erlent sjúkraliðanám ríkisviðurkenningu og leyfi til starfa.

## IV. KAFLI

## Um rekstur skólans.

## 12. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fyrir kennslu og próf. Sjúkrahúsið greiðir námslaun, kennsluefni og kennsluaðstöðu.

## V. KAFLI

## Starfssvið sjúkraliða.

## 13. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarkonu.

*Störf sjúkraliða í sjúkrahúsum.*

Umbúnaður. Búið upp autt rúm. Búið um og skipt um lín á rúmum þeirra sjúklinga, sem minna eru veikir. Aðstoð við umbúnað og skiptingu á mikið veikum sjúklingum.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkeri og í rúmi. Aðstoð við að baða mikið veika sjúklinga í rúmi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgzt með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.

Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.

Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stól-pípa.

Aðstoð við framreiðslu matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíð. Sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.

Aðstoð við umbúnað líks.

Umbúðir gerðar.

Tekið við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.

Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.

Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum, baðherbergjum og líni. Hreinsun ýmissa hjúkrunargagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blóma-skolum.

Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

## VI. KAFLI

## 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 42 12. maí 1965, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 325 frá 12. nóvember 1965.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. desember 1971.*

**Magnús Kjartansson.**

**Páll Sigurðsson.**